

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0062
SS

Efni: Umsögn um umsókn fyrir leyfi til tilraunaupptöku á kalkþörungaseti.

Vísað er í bréf frá Orkustofnun dags. 28 júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn BioGenic Minerals ehf. (áður Icecal ehf.) um leyfi til rannsókna á hafsbotni í Miðfirði. Tilgangur rannsókna er að framkvæma tilraunir á mismunandi aðferðum við efnisnám kalkþörungasetis. Félagið hefur þegar fengið nýtingarleyfi til töku kalkþörungasetis á sama svæði en núverandi vinnsluleiðir hafa ekki virkað sem skyldi.

Náttúrufræðistofnun veitti ekki umsögn þegar nýtingarleyfið var veitt árið 2016, en leyfið felur í sér heimild fyrir allt að 1200 rúmmetra töku kalkþörungasetis á einu efnistökusvæði í vestanverðum Miðfirði. Í nýtingarleyfinu voru m.a. sett skilyrði fyrir því að leyfishafinn legði mat á dreifingu og þykkt fínefnahulu á efnistökusvæði og næsta nágrenni fyrir upphaf efnistöku og á tíu ára fresta út gildistímann. Er það mikilvægt atriði til að meta áhrif efnistökkunnar á lífríki svæðisins. Gildistími leyfisins er til 2046.

Eins og fram kemur í upphaflegu umsókninni fyrir nýtingarleyfinu eru kalkþörungaset viðkvæm og verðmæt vistkerfi og mikilvægt er að halda raski á seti í lágmarki og draga úr áhrifum á lífríki í nágrenni efnistöku eins og hægt er. Viðáttumiklar breiður af kalkþörungaseti er að finna í vestanverðum Miðfirði en nýtingin hefur verið á fremur litlu svæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að frekari nýting sé áfram hófsöm og að tryggt sé að stórum hluta kalkþörungasvæða sé hlíf.

Í umsókninni um rannsóknarleyfið er greint frá tveimur mismunandi aðferðum við efnisnám sem ætlað er að prófa og bera saman innan efnistökusvæðisins. Annars vegar hefðbundinni dælingu með sogröri sem dregið er eftir skipinu og hins vegar punkt stýrða dælingu með minni dælu. Hvor aðferðin fyrir sig er metin umfangslítill t.d. í samanburði við efnistöku kalkþörungna á Vestfjörðum eða önnur uppdælingarverkfni.

Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt að skoðaðar séu nýjar aðferðir við efnistöku og mikilvægt að rannsóknin feli í sér samanburð á mögulegum umhverfisáhrifum aðferðanna. Stofnunin gerir því ekki athugasemd við að rannsóknarleyfið sé veitt en augljóst er að endurskoða þarf gildandi nýtingarleyfi ef til breyttra efnistöku aðferða kemur.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

